Leiklist

Alþýðuleikhúsið:
Súrmjólk með sultu, sýning sunnudag kl. 15. Miðasalan er opin frá 14 en 13 á sunnudögum, s. 16444.



Galdraleikhúsið, Tónabæ:
Karlinn í kassanum í kvöld og annað kvöld kl. 20.30, s. 35935 í Tónabæ.

Kópavogsleikhúsið:
Leynimelur 13 í kvöld kl. 20.30.
Aldrei er friður á morgun kl. 15. — Fáar sýningar eftir. S. 41985.

Leikfélag Reykjavíkur
Jói sýndur í kvöld. Uppselt.
Rommí annað kvöld. Næstsíðasta sinn.
Salka Valka, næsta sýning þriðjudag. Uppselt.
Skornir skammtar í kvöld í Austurbæjarbíói kl. 23.30.
Ofvitinn verður sýndur í síðasta sinn á fimmtudaginn.

Nemendaleikhúsið í Lindarbæ:
Svalirnar eftir Genet. Sýning annað kvöld kl. 20.30. Næstu sýningar mánudag og þriðjudag. Miðasalan er opin milli 5 og 7 alla daga nema laugardaga og sýningardaga frá kl. 5. Síminn er 21971.

Þjóðleikhúsið:
Gosi — í dag og á morgun kl. 14.
Amadeus í kvöld kl. 20. Uppselt.
Sögur úr Vínarskógi, næsta sýning miðvikudag.
Kisuleikur, næsta sýning á morgun kl. 16.
Ballettinn Giselle — næsta sýning sunnudag og svo þriðjudag.
Uppselt. 4. sýning er á fimmtudaginn og eru enn til miðar á þá sýningu. Áskriftarkortin gilda líka á þessar sýningar.

Íslenzka óperan
Sígaunabaróninn sýndur í kvöld og annað kvöld en það er bara alltaf uppselt! Sími óperunnar er 11475.

Tónlist

Tónlist um helgina og í næstu viku.

Í dag, laugardag, leikur Rudolf Kerer á vegum Tónlistarfélagsins í Austurbæjarbíói kl. 14.30. Hann vann hug og hjörtu áheyrenda með leik sínum í Háskólabíói á fimmtudagskvöld og er ekki að efa að marga fýsir að hlýða á einleikstónleika hans.

Annars gerist lítið á músíkvettvangi í höfuðborginni um helgina utan að Áskell Másson leikur verk eftir sig á málverkasýningu á Kjarvalsstöðum á sunnudag kl. 16.

En Húnvetningar og Skagfirðingar njóta tónleika Jónasar Ingimundarsonar á Blönduósi, í Varmahlíð og á Hofsósi um helgina og svo leikur hann fyrir Suðurnesjamenn í Ytri-Njarðvíkurkirkju á miðvikudagskvöld. Íslenska óperan heldur sínu striki með sýningum á Sígaunabaróninum og enn er alltaf uppselt.

Og fái höfuðstaðarbúar ekki nóg af músík í vikunni er ráð að bregða sér á sýningar Fjalakattarins á kvikmyndinni, óperunni, Don Giovanni í Tjarnarbæ á laugardag kl. 19.30; þriðjudag kl. 19.00; fimmtudag kl. 19.00 og laugardag þann 20. mars kl. 19.30. Það kostar það að ganga í klúbbinn, fyrir þá sem ekki eru meðlimir, en ætti að vera fyllilega þess virði.

Eyjólfur Melsted

HANDMENNT

Myndlist

Gunnar B. Kvaran

Karl Júlíusson hefur opnað sýningu að Kjarvalsstöðum þar sem hann sýnir 16 verk. Flest eru þau byggð á sama grunnforminu (sleðaformi) sem fær í höndum listamannsins mismunandi úrvinnslu.

Allt er list

Það hefur gjarnan verið sagt að skapandi listamenn „sjái list" út úr öllum hlutum. Þessi hugmynd hefur verið sérlega þanin á þessari öld, og allt sem komið hefur á ská við „opinbera" list eða ákveðna skólastefnu, hefur verið tekið sem enn eitt sjónarhornið á hið stóra og göfuga listhugtak.

Í umræðum um þessa hluti hefur þó stundum komið fram sá misskilningur að rugla saman list og fagurfræði. Því ljóst er að þegar Duchamp stillir pissuskálinni upp í sýningarsal í byrjun aldarinnar þá var hann ekki að velta fyrir sér fagurfræðilegum hugleiðingum, hvorki formrænum né sálfræðilegum, heldur vildi hann fyrst og fremst setja spurningarmerki við orðið List.


En stóra byltingin, sem varðar nýja myndsýn, á sér stað á 7. áratugnum þegar „Ný-realistarnir" taka verksmiðjuframleidda hluti og setja þá sem „ívitnun", beint inn í listaverkið án nokkurra millilliða, svo sem teikningar, ljósmyndir, vídeó etc. Þeir brutu upp listhugtakið og buðu listamönnum að vinna beint í hið næsta umhverfi, allt gat orðið möguleiki og tækifæri til listsköpunar. En gætum að því að þetta þýðir ekki að listin sé dauð eða allt sé orðið list. Því bak við þessa nýju raunsæislist er vel grundvölluð hugmyndaleg forsenda, einskonar skilgreining á þeirra list sem sýnir vel að listin er í senn hugmyndaleg og plastísk.

Handmennt

En þótt listaverk Karls séu úrtíningur úr okkar næsta umhverfi, er spurningin ekki í raun um sjálft listhugtakið. Hér er um að ræða listaverk sem einkennast af mikilli nostursemi og sérlega góðu handbragði. Og þó grunnhugmyndin sé eflaust bæði sniðug og vel íhugað ná verkin ekki að losa sig undan því að vera aðeins ágæt handmennt. Sleðaformið er endurtekið, með ótal variationum, án þess þó að ná því að vera annað en sleði með mismunandi fáguðu skrauti, — skrauti sem hefur fyrst og fremst sjónrænt gildi þar sem allt miðast við að ná samræmi og hámarks-jafnvægi.

Þessi sýning minnir okkur á að allri listsköpun fylgir hugmyndalegur ásetningur sem síðan er unnin í ákveðið efni og form. Hér aftur á móti virðist áherzlan lögð á sjálft efnið eða þá hugmynd sem því miður kemur hálfri öld of seint.

-GKB



Madonufar nr. 4. ***Ljósm. GBK.***



Þessi mynd var tekin á æfingu og löngu áður en ljóst varð hversu mikil velgengni Sígaunabarónsins ætti eftir að verða. Fremst á myndinni er Ásrún Davíðsdóttir, sem syngur í einu af aðalhlutverkum óperunnar.

LINNULAUS ÓPERA

Ekkert lát er á aðsókninni á Sígaunabaróninn eftir Strauss, fyrsta verkefni Íslenzku óperunnar. Einhvern tímann fyrr í vetur heyrðist því fleygt að 25 uppseldar sýningar nægðu til að í land sæist með stofnkostnað óperunnar og þar eð sú 25. var um síðustu helgi, sló DV á þráðinn til Árna Reynissonar, framkvæmdastjóra Íslenzku óperunnar, og spurði hvort ekki hefði verið haldið upp á daginn.

Ekki kvað Árni svo hafa verið stofnkostnaður hefði hækkað nokkuð dagana fyrir frumsýninguna og þyrfti því fleiri en þessar 25 sýningar til að útséð yrði um stofnkostnað. „En það er útlit fyrir að svo verði; aðsóknin hefur verið mjög mikil og síður en svo að úr henni sé að draga."

Páll P. Pálsson hefur nú tekið við hljómsveitarstjórn. Um aðra helgi, þ.e. á sýningum þ. 25., 26. og 27. marz verður ennfremur sú breyting að þýzk söngkona — frá Ríkisóperunni í München — mun syngja hlutverk Zaffi því um þá helgi heldur Ólöf Kolbrún Harðardóttir tónleika í New York, en hún fer annars með rullu Zaffi.

En sem sagt, aðsóknin að óperunni er góð og ekki ráð nema í tíma sé tekið að fá miða. Íslenzka óperan eða a.m.k. Sígaunabarón Strauss virðist hafa slegið algjörlega í gegn.

Ms



Í „Bókahorni" útvarpsins kl. 16.20 verður fluttur stuttur þáttur eftir tólf ára pilt, Kristin Pétursson. Nefnist þátturinn „Shakespeare" og er fluttur af nokkrum jafnöldrum höfundar.

Enn fremur verður í þættinum talað við nokkra aðstandendur skólablaðs Hagaskólans og flutt efni úr því.

Bjarnleifur okkar tók þessa mynd, þegar hinir ungu leikarar og rithöfundar voru að undirbúa þáttinn í húsakynnum hljóðvarps við Skúlagötu. Leiðbeinandi þeirra, Sigríður Eyþórsdóttir, sést í aftari röð til vinstri.



Full ástæða er til að vekja athygli á að þremur sýningum lýkur á Kjarvalsstöðum annað kvöld, þeirra Einars Hákonarsonar, Karls Júlíussonar og Steinunnar Þórarinsdóttur. Allar þessar sýningar hafa vakið athygli og eru meira en vel þess virði að líta inn á Kjarvalsstaði um helgina. Og svo verður opnuð þar sýning á „patch-work" teppum — gömlum bandarískum bútateppum. Sú sýning stendur aðeins í eina viku.